

Nd.

593. Nefndarálit

[74. mál]

um frv. til laga um verkalýðsskóla.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nokkru áður en frumvarp þetta kom fram í neðri deild (á þskj. 81), hafði verið flutt í sameinuðu Alþingi tillaga til þingsályktunar um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum (þskj. 72). Þessi tillaga hefur nú verið afgreidd sem ályktun Alþingis. Með ályktun þessari er ríkisstjórninni falið að kjósa fimm manna nefnd „til þess að kanna, hversu bezt verði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála“. Í þessari nefnd eiga að vera fulltrúar frá Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Að þessu athuguðu og eftir að hafa rætt frumvarpið leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til nýlega gerðrar ályktunar Alþingis um „aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum“, þar sem m. a. er gert ráð fyrir athugun á möguleikum til fræðslu um „ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála“, telur deildin ekki tímabært að setja sérstök lög um verkalýðsskóla og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Minni hl. nefndarinnar (HV) mun gefa út sérstakt nál. Einn nefndarmaður (JR) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Páll Þorsteinsson,
form.

Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,
frsm.